



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

583. stjórnarfundur 3. maí 2022. kl. 18:00

Mættir: Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Garðar Már Newman, Birgir Már Bragason, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Björg Hafsteinsdóttir. Fjarverandi Sveinbjörg Sigurðardóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar

Liggur frammi.

2. Innkomin bréf

Aðalskipulag Reykjanesbæjar.

Beiðni um skammtímalán. Barna- og unglingaráð körfuknattleiksdeildar. Samþykkt.

Dagskrá vorfundar UMFÍ.

Samþykkt bæjarráðs Reykjanesbæjar vegna sumarstarfsmanna hjá knattspyrnudeildum Keflavíkur og Njarðvíkur.

UMFÍ, minna á að skila skýrslu og reikningum.

UMFÍ, minna á umsóknafrest í fræðslu- og verkefnasjóð.

UMFÍ, samþykkt stjórnvalda varðandi styrk að upphæð 500 milljónir til íþróttahreyfingarinnar. Félögin fá 30% af þessu.

ÍRB þingboð á ársþing 23. maí.

Erindi frá knattspyrnudeild með ósk um styrk. Styrkur samþykktur upp á 3 milljónir.

Fundagerðir frá fimleikadeild og körfuknattleiksdeild.

3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð.

Erindi sent á íþrótt- og tómstundaráð Reykjanesbæjar fyrir hönd fimleikadeildar vegna útvíkkunar á íþróttinni í bæjarfélaginu.

Sótt var um í fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ fyrir sameiginlegt verkefni Keflavíkur og Njarðvíkur vegna barna með sérþarfir.

Árskýrsla og reikningur Keflavíkur fyrir 2021 sent á UMFÍ og ÍRB.

4. Þing ÍRB

Ársþing ÍRB verður haldið 23. maí kl. 20:00 í íþróttakademíunni. Keflavík á tíu þingfulltrúa.

5. Vorfundur UMFÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn í Borgarnesi 29.- 30. apríl. Björg Hafsteinsdóttir og Hjördís Baldursdóttir sátu fundinn fyrir hönd Keflavíkur.

6. Önnur mál

A. Fundur með fulltrúum verkefnastjóra heilsuefingar 60+ hjá Landssambandi eldri borgara og ÍSÍ. Fundinn sátu fulltrúar frá Keflavík, Njarðvík, ÍRB, félagi eldri borgara Reykjanesbæjar og fulltrúi frá Reykjanesbæ. Kynning á verkefninu Betra líf.



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, fyrirmyndarfélag ÍSÍ



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

- B. Komið að því að skila inn handbókum, fyrirmyndarfélag ÍSÍ.
- C. Búið er að laga frárennislögn í kjallara Hringbrautar 108 ásamt því að laga vaska og salerni.
- D. Auka aðalfundur körfuknattleiksdeildar.
- E. Búið er að skila inn starfskýrslu til ÍSÍ.
- F. Umræða um leikmannasamninga. Samþykkt að aðalstjórn yfirfari samninga áður en þeir eru undirritaðir. Framkvæmdastjóra falið að upplýsa deildir um þetta.

Fundi slitið kl. 19:45

Næsti fundur verður þriðjudaginn 17. maí 2022.

Fundinn ritaði Eva Björk